spjallar við hlustendur til sjávar og sveita. (Úrvali útvarpað kl. 5.01 næstu nótt.)
0.10 Í háttinn. - Gyða Dröfn Tryggvadóttir.
1.00 Næturútvarp á báðum rásum til morguns.
Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00. Samlesnar auglýsingar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 19.30, og 22.30.

NÆTURÚTVARPIÐ

1.00 Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests. (Endurtekinn þáttur.)
2.00 Fréttir. - Þáttur Svavars heldur áfram.
3.00 Í dagsins önn. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
3.30 Glefsur. Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.00 Næturlög.
4.30 Veðurfregnir. - Næturlögin halda áfram.
5.00 Fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum.
5.05 Landið og miðin. Sigurður Pétur Harðarson spjallar við hlustendur til sjávar og sveita. (Endurtekið úrval frá kvöldinu áður.)
6.00 Fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum.
6.01 Morguntónar. Ljúf lög í morgunsárið.

LANDSHLUTAÚTVARP Á RÁS 2

8.10-8.30 og 18.35-19.00. Útvarp Norðurland.

FM 90.9
AÐALSTÖÐIN

7.00 Á besta aldri. Umsjón Ólafur Tr. Þórðarson. *Létt tónlist, gestur í morgunkaffi. 7.00 Morgunandakt. Séra Cecil Haraldsson.*
9.00 Fram að hádegi. Umsjón Þuríður Sigurðardóttir.
12.00 Hádegisspjall. Umsjón Helgi Pétursson.
13.00 Strætin úti að aka. Umsjón Ásgeir Tómasson.
16.30 Akademían.
Kl. 16.30 Púlsinn tekinn í síma 626060.
17.00 Á heimleið með Erlu Friðgeirsdóttur.
18.30 Smásaga Aðalstöðvarinnar.
19.00 *Kvöldmatartónlist.*
22.00 Í draumalandi. Umsjón Ragna Steinun Eyjólfsdóttir. Draumar hlustenda ráðnir.
24.00 Næturtónar Aðalstöðvarinnar.

ALFA
FM·102,9

09.00 Tónlist. kl. 09.55 Veðurfregnir.
10.00 Ístónn. Íslensk tónlist.
11.00 Blönduð tónlist .
20.00 Natan Harðarson spilar tónlist úr ýmsum áttum.
23.00 Dagskrárlok.

Bylgjan 98.9

7.00 Eiríkur Jónsson og morgunvakt Bylgjunnar.
9.00 Páll Þorsteinsson. Starfsmaður dagsins valinn. Íþróttafréttir kl. 11. Valtýr Björn Valtýsson.
12.00 Valdís Gunnarsdóttir ávaktinni.
12.00 Hádegisfréttir.
14.00 Snorri Sturluson.
17.00 Ísland í dag. Jón Ársæll Þórðarson og Bjarni Dagur Jónsson taka á málum líðandi stundar.
18.30 Þráinn Brjánsson á vaktinni.
22.00 Haraldur Gíslason. Tónlist.
23.00 Kvöldsögur. Símatími ætlaður hlustendum.
24.00 Haraldur Gíslason á vaktinni.
02.00 Heimir Jónasson á næturvakt.

FM 957

7.00 A-Ö. Steingrímur Ólafsson í morgunsárið. Kl. 7.10 Almanak og spakmæli dagsins. Kl. 7.15 Íslenskt tónlistarsumar. Kl. 7.20 Veður, flug og færð. Kl. 7.30 Slegið á þráðinn. Kl. 7.45 Dagbókin. Kl. 8.00 Fréttir. Kl. 8.15 Blöðin koma í heimsókn. Kl. 8.30 Viðtal dagsins. Kl. 8.45 Slegið á þráðinn
9.00 Tveir með öllu. Jón Axel Ólafsson og Gunnlaugur Helgason. Kl. 10 Fréttir. Kl. 10.30 Hrekkjalómafélagið. Kl. 10.45 Kjaftasaga, fyrri hluti. kl. 11.00 Erlendar fréttir frá fréttastofu. kl. 11.15 Persónuleg mál ber á góma. kl. 11.25 Kjaftasaga, seinni hluti. kl. 11.35 Hádegisverðarpotturinn. kl. 11.55 Jón og Gulli taka lagið.
12.00 Hádegisfréttir. Kl. 12.10 Ívar Guðmundsson. kl. 12.30 Fyrsta staðreynd dagsins. Kl. 13.30 Staðreynd úr heimi stórstjarnanna. Kl. 14.00 Fréttir. Kl. 14.05 Tónlistin heldur áfram. Kl. 14.30 Þriðja og síðasta staðreynd dagsins kl. 14.40 Ívar á lokasprettinum. Síminn fyrir óskalög er 670-957.
15.00 Íþróttafréttir. Kl. 15.05 Anna Björk Birgisdóttir. kl. 15.30 Óskalagalínan öllum opin. Sími 670-957. Kl. 16.00 Fréttir. Kl. 16.30 Topplög áratuganna. Kl.17.00 Fréttayfirlit. Kl.17.30 Þægileg síðdegistónlist. Kl. 18.00 Kvöldfréttir. Kl. 18.10 Gullsafnið. Tónlist frá árunum 1955-1975.
19.00 Valgeir Vilhjálmsson.
21.15 Pepsi-kippa kvöldsins.
22.00 Auðun G. Ólafsson á kvöldvakt.
01.00 Darri Ólason á næturvakt.

HLJÓÐBYLGJAN
Akureyri
FM 101,8

16.00 Tónlist. Axel Axelsson. Óskalög og afmæliskveðjur í síma 27711.
17.00 Ísland í dag. (Frá Bylgjunni). Kl. 17.17 Fréttir frá fréttastofu Bylgjunnar og Stöðvar 2
18.30 Tónlist.

STJARNAN

FM 102/104

7.00 Dýragarðurinn.
9.00 Vinsældatónlist. Bjarni Haukur Þórsson.
11.00 Geðdeildin. Umsjón Bjarni Haukur og Sigurður Helgi.
12.00 Sigurður Helgi Hlöðversson. Getraunir og orð dagsins.
14.00 Sigurður Ragnarsson. Ráðgjafaþjónusta Gabríels Stefánssonar, kvikmyndagetraunir, leikir og tónlist.
17.00 Björn Sigurðsson
20.00 Vinsældapopp. Jóhannes B. Skúlason.
22.00 Arnar Albertsson.
02.00 Næturtónlist.



Sjónvarpið:

Fírug og feit


19 20 Í dag sýnir Sjónvarpið annan þáttinn í bresku gamanþáttunum sem hlotið hafa nafnið „Fírug og feit“ (Up the Garden Path). Með aðalhlutverk í þáttunum fer breska leikkonan Imelda Staunton. Hún leikur Izzy, sveimhuga kennslukonu með flókin ástarmál sem tekst ótrúlega oft að koma sér í klandur. Izzy á við þrjú vandamál að stríða: Hún er of feit, hún stenst ekki súkkulaðikökur og á í ástarsambandi við giftan mann. Hrokafullir nemendur hennar létta henni ekki lífið og það verður heldur ekki sagt um samstarfskonu hennar, hina jarðbundnu Maríu. Einnig kemur við sögu hinn trygglyndi og gjörsamlega óþolandi aðdáandi Dick sem á sér þann draum einan að fá að deila lífi sínu með Izzy.

Gárur

eftir Elínu Pálmadóttur

Rými og tími

Sagt var frá í blöðum um daginn að um þúsund íslenskir myndlistarnemar séu nú í námi, hér og erlendis. Við eigum von á mikilli myndlist í landinu. Kemur varla á óvart. Þegar opnaðar 4-5 myndlistarsýningar um helgar í Reykjavík einni. Myndlistin virðist hér á landi hafa þróast obbolítið öðruvísi en tónlistin, önnur gróskurík listgrein. Þar sýnast tónlistarskólarnir hafa alið upp mikinn fjölda áheyrenda, fólk sem hefur lært að njóta og sækir tónleika í sívaxandi mæli. Ekki endilega fólk sem efnir mikið til tónleika sjálft. Og góðir og þjálfaðir viðtakendur eru ekki síður mikils virði fyrir tónlistarlífið í landinu.



Til þess að njóta myndlistar er þjálfun í að skoða og greina og hafa viðmiðun líklega ekki síður mikils virði. Þó sýnist manni þetta býsna mikið sami hópurinn sem sækir sýningar, fyrir utan ættingja og vini í hvert skipti. Ekki hefi ég gert neina fræðilega úttekt á þessu. Það er bara tilfinning eða óljós grunur um að þessi mikla fjölgun kunnáttufólks skili sér ekki í jafn ríkum mæli sem njótendur. Og það er enginn smáræðis fjöldi sem við þurfum að eignast til að njóta framleiðslu allra þeirra myndlistarmanna sem eru að skila sér úr námi. Ef allir ætla að bera á borð.

Á Kjarvalsstöðum er um þessa helgi að ljúka sýningu. Þar er kynntur í verkum sínum heimsfrægur erlendur listamaður, Christo. Er það maðurinn sem pakkaði inn Pont Neuf-brúnni í París? Vafði hann ekki heilar eyjar? spyr fólk og finnst það kannski ekki hafa mikið í slíka sérvisku að sækja. Ekki síst þar sem Christo kemur ekki með Signubrúna eða eyjarnar. En listaverkin, af eyjunni og af brúnni, lifa þarna á stórum áhrifamiklum myndum. Maður sem hafði séð umhverfislistaverk Christos í Kaliforníu, þar sem hann lagði Áframhaldandi girðingu í lit um eyðilega dali og hálsa, sagði að það hefði verið stórkostlega áhrifamikið að upplifa þetta, ekki síst þegar blæbrigðamikill þytur vindsins í dúknum bættist við. Þetta verk stóð þar aðeins hálfan mánuð. En maður skynjar vel áhrifamáttinn við að horfa á liti og form þessa listaverks á stóru myndinni á Kjarvalsstöðum. Eins og Christo segir: „Verkin eða efnin notfæra sér rými á flókinn hátt. Venjuleg, hefðbundin höggmynd eða málverk eiga sitt ákveðna rými . . . Ég kem að slíku rúmi og fæ það að láni í stuttan tíma, og nýt góðs af þeim krafti sem rýmið vísar til. Þetta er ástæða þess að ekki er hægt að líta á mín verk sem hluti. Ein sólhlíf er ekki listaverk.“ Christo fjallar um þá athyglisverðu spurningu um rými og tíma. Hann reynir að fá þetta afl, sem er hluti af heiminum, að láni stuttan tíma. Þess vegna felast þessi verkefni í samspili ýmissa afla og eru ekki sambærileg við hefðbundin málverk, höggmyndir eða aðra listhluti.

Þetta vekur hugrenningar um það viðtekna viðhorf að listaverk verði að lifa — um aldur og ævi. Christo segir: „Hið tímabundna er einnig fagurfræðilegur eðliskostur, ekki bara vegna þess að verkin eru aðeins til í takmarkaðan tíma, heldur einnig vegna þeirra viðkvæmu efniseiginleika, sem mjög auðvelt er að spilla: efnið og höfuðskepnurnar gefa verkefnunum þennan farand-blæ hirðingjalífsins. Um leið eru verkefnin alltaf hönnuð til að varpa fram spurningum og efna til umræðna um: Hvað er list? Er list eilíf? Er hægt að kaupa, safna, borga fyrir og stjórna list? Tjáning hvers verkefnis samsvarar sínum tiltekna tíma mjög náið. Verkefnin eru gerð með það í huga að vera einstök á þann hátt. Þau eru mjög einstök. Ekki þannig að þau hrindi öðrum frá sér, heldur á þann hátt að þau verða aðeins einu sinni til, líkt og æskan eða okkar eigið æviskeið, og er því aldrei hægt að endurtaka, flytja eða setja annað í staðinn. Og auðvitað er þetta flókið samband. Þetta eru ekki hlutir, heldur listaverk sem venjulega fá lánað ákveðið rými — sem venjulega tilheyrir ekki höggmynd eða málverki. Þau fá lánað rými uppi í sveit, í borg eða úthverfum — tré, brýr, þjóðvegi. Þetta rými er samofið listaverkinu. Hins vegar eiga undirbúningsteikningarnar sína sjálfstæðu tilveru.“


Þá vaknar spurningin: Er það nokkuð minni sköpun forms og lita þótt verkið sé ekki varanlega steypt í málm og sett upp á torgi? Hægt að endurskoða með breyttum tímum og nýjum kynslóðum gildandi smekk hreppsnefndarinnar, sóknarnefndar eða listfræðings? Þess sé bara notið um afmarkaðan tíma af þeim sem eru hér og nú? Er kannski formsköpun á hárgreiðslu nokkuð minni list, ef vel tekst, þótt hún endist ekki nema fram að næsta hárþvotti en veitir ánægju og aðdáun smekkfólks á meðan?

Er skammtímalist raunar nokkuð minni „list fyrir æðri notendur?“, svo stolið sé orðalagi Jóns Múla um tónlistina. Skyldi þó ekki vera að slík list gæti kannski gefið meira rými fyrir alla þá listamenn sem eru að mæta á vettvangi. Annar kostur er að fjölga í listunnendahópum og fækka í framleiðsluhópnum. Ja, stutt og laggott. Getur allt þetta fólk lifað af listinni? Auðvitað óþarfi að hafa af því áhyggjur. Tíminn á eflaust eftir að tína úr það besta eða farga öllu.

Rowenta



Djúpsteikingarpottur kr. **6.900,-**



Brauðrist m/skynjara kr. **3.649,-**



Gufustraujárn kr. **3.950,-**
M/Titan botni kr. **4.995,-**

Tryggðu gæðin með Rowenta

Útsölustaðir um land allt:
REYKJAVÍK OG NÁGRENNI: GLÓEY HF., Ármúla 19 ● RAFGLIT HF., Blönduhlíð 2 ● H.G. GUÐJÓNSSON, Stigahlíð 45-47 ● HEKLA HF., Laugavegi 172 ● HAGKAUP, Kringlunni–Skeifunni ● LJÓS OG RAFTÆKI, Strandgötu 39, Hafnarfirði ● LJÓSABÆR, Faxafeni 14 ● RAFBÚÐ DÓMUS MEDICA, Egilsgötu 3 ● RAFBÚÐ SAMBANDSINS, Holtagörðum ● RAFVÖRUR, Langholtsvegi 130 ●**REYKJANES:** KAUPFÉLAG SUÐURNESJA-SAMKAUP, Keflavík ●**VESTURLAND:** KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA, Borgarnesi ● KAUPFÉLAG SAURBÆINGA, Skriðulandi ● **VESTFIRÐIR:** JÓN FR. EINARSSON, Bolungarvík ● VERSLUNIN STRAUMUR, Ísafirði ● **NORÐURLAND:** KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA, Hvammstanga ● KAUPFÉLAG HÚNVETNINGA, Blönduósi ● KEA–JÁRN OG GLER, Akureyri ● RADÍÓNAUST, Geislagötu 14, Akureyri ● KAUPFÉLAG ÞINGEYINGA, Húsavík ● VERSLUNIN HEGRI, Sauðárkróki ● **AUSTURLAND – AUSTFIRÐIR:** KAUFÉLAG STÖÐFIRÐINGA, Stöðvarfirði ● KAUPFÉLAG STÖÐFIRÐINGA, Breiðdalsvík ● KAUPFÉLAG HÉRAÐSBÚA, Egilsstöðum ● KAUPFÉLAG HÉRAÐSBÚA, Seyðisfirði ● KAUPFÉLAG HÉRAÐSBÚA, Reyðarfirði ●KAUPFÉLAG A-SKAFTFELLINGA, Höfn í Hornafirði ● **SUÐURLAND:** KAUPFÉLAG RANGÆINGA, Hvolsvelli ● KAUPFÉLAG ÁRNESINGA, Selfossi.

Heimasmiðjan
Kringlunni, sími 685440

HÚSASMIÐJAN HF.
Skútuvogi, sími 687710